

Reykjavík, 10. desember 2021

SFS2021110073

222. fundur

HG/sv/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um sviðsmyndir um framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi

Á fundi borgarráðs 4. nóvember 2021 var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sviðsmyndir framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi lögð fram og vísað til skóla- og frístundaráðs:

Nú hafa verið kynntar þrjár sviðsmyndir framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi, hvert verður framhald málsins og hver er tímalína fyrir raunverulegar lausnir? Hvaða ferli tekur nú við sem leiða mun að ákvörðun á hvaða sviðsmynd verður fyrir valinu? Verður sett á laggirnar nefnd eða stýrihópur? Á að skilgreina tímasetta heildarstefnu um skólamál í hverfinu? Verður unnið með yfirstjórn skólanna og foreldrum sem nú þegar hafa lagt mikla vinnu í hugmynda- og skipulagsvinnu? Ef íþróttahús Laugarnesskóla er friðað og má ekki breyta, hvernig verður íþróttaaðstaða nemenda Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla bætt? Hvers vegna er aðstöðunni í Laugardalshöll ekki komið í lag fyrr til að bregðast við bráðavanda vegna skorts á íþróttaaðstöðu Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og íþróttafélaganna? Hver er staða tillögu um stækkun leikskólans Hofs? Áður ríkti sátt um að stækka leikskólann með hækkun húsa og sameiginlegri nýtingu útisvæðið að hluta. Í sumar var tillögunni breytt og nú stefnt að stækkun að grunnfleti. Þetta takmarkar verulega möguleika til að bæta aðkallandi vanda við Laugarnesskóla. Hvers vegna var tillögunni breytt og er ekki vanhugað að fara þessa leið meðan heildarmynd um þróun grunnskólanna í hverfinu liggur ekki fyrir? Eiga börn áfram að ferðast í íþróttakennslu í íþróttahús fatlaðra í Hátúni? Frístund Laugarnesskóla er fjarri skólanum í Dalheimum og þangað liggur fáfárin og illa lýstur stígur fyrir litla fætur að ganga. Þátttöku hlutfall nemenda Laugarnesskóla er lægra en meðal nemenda Langholtsskóla sem deila með þeim frístundinni. Brýnt er að bæta þann aðstöðumun sem nemendur skólans búa við. Hvernig og hvenær verður það gert? Eiga börn í 3-4 bekk Laugarnesskóla áfram að ferðast 1.5 km inn dimma stíga í Dalheima?

Svar:

Nú hafa verið kynntar þrjár sviðsmyndir framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi, hvert verður framhald málsins og hver er tímalína fyrir raunverulegar lausnir? Hvaða ferli tekur nú við sem leiða mun að ákvörðun á hvaða sviðsmynd verður fyrir valinu? Verður sett á laggirnar nefnd eða stýrihópur? Á að skilgreina tímasetta heildarstefnu um skólamál í hverfinu? Verður unnið með yfirstjórn skólanna og foreldrum sem nú þegar hafa lagt mikla vinnu í hugmynda- og skipulagsvinnu?

Svar: Skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnesi- og Langholtshverfi var kynnt á fundi borgarráðs 4. nóvember 2021 og í skóla- og frístundaráði 9. nóvember 2021. Á fundi skóla- og frístundaráðs var skýrslunni vísað til skóla- og frístundasviðs (SFS) til nánari umfjöllunar, kynningar og umsagnarvinnu með grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólaráðum og foreldrafélögum hverfanna. Haldinn var kynningarfundur með eftirtöldum aðilum miðvikudaginn 1. desember 2021:

- Skólaráð Laugalækjarskóla
- Skólaráð Laugarnesskóla
- Skólaráð Langholtsskóla
- Stjórn foreldrafélags Laugalækjarskóla
- Stjórn foreldrafélags Laugarnesskóla
- Stjórn foreldrafélags Langholtsskóla
- Starfsmenn skóla- og frístundastarfs (Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla auk Glaðheima, Þróttheima, Laugasels, Laugó og Dalheima og deildarstjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri)
- Íbúaráð
- Ungmennaráð

Fundurinn var rafrænn og tekinn upp og því möguleiki á að nota upptökuna til frekari umræðna og vinnu við umsagnir. En í framhaldi af fundinum var ofantöldum boðið að senda inn umsagnir um tillögur skýrslunnar. Skilafrestur á umsögnum er 1. febrúar 2022.

Í janúar 2022 er gert ráð fyrir kynningu á skýrslu starfshópsins og vinnusmiðjum með fulltrúum barna og unglinga skólahverfanna.

Ef íþróttahús Laugarnesskóla er friðað og má ekki breyta, hvernig verður íþróttaaðstaða nemenda Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla bætt? Hvers vegna er aðstöðunni í Laugardalshöll ekki komið í lag fyrir til að bregðast við bráðavanda vegna skorts á íþróttaaðstöðu Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og íþróttafélaganna? Eiga börn áfram að ferðast í íþróttakennslu í íþróttahús fatlaðra í Hátúni?

Svar: Íþróttahús Laugarnesskóla er friðað og því má ekki breyta en það nýtist hins vegar vel til íþróttakennslu fyrir yngri nemendur skólans. Aðstaða til íþróttakennslu fyrir eldri nemendur Laugarnesskóla og nemendur Laugalækjarskóla er hluti af þeirri stóru mynd sem verið er að rýna í tillögum skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Þar til sú framtíðarsýn skýrist verður íþróttakennsla með óbreyttum hætti.

Hver er staða tillögu um stækkun leikskólans Hofs? Áður ríkti sátt um að stækka leikskólann með hækkun húsa og sameiginlegri nýtingu útisvæðið að hluta. Í sumar var tillögunni breytt og nú stefnt að stækkun að grunnfleti. Þetta takmarkar verulega möguleika til að bæta aðkallandi vanda við Laugarnesskóla. Hvers vegna var tillögunni breytt og er ekki vanhugsað að fara þessa leið meðan heildarmynd um þróun grunnskólanna í hverfinu liggur ekki fyrir?

Svar: Starfshópurinn Brúum bilið vinnur að útfærslu tillagna um viðbyggingu við leikskólann Hof. Verið er að skoða ólíkar útfærslur á stækkun með arkitektum en niðurstöður liggja ekki fyrir. Í nýjustu tillögunni er m.a. gert ráð fyrir samnýtanlegri skólalóð að hluta fyrir leikskólann

Hof og Laugarnesskóla. Þegar umsagnir hagaðila vegna tillagna starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í hverfinu liggja fyrir og hafa verið rýndar, er mikilvægt að skoða heildarniðurstöður bygginga beggja skólanna þ.e. Hof og Laugarnesskóla með sameiginlega hagsmunum í huga.

Frístund Laugarnesskóla er fjarri skólanum í Dalheimum og þangað liggur fáfarinn og illa lýstur stígur fyrir litla fætur að ganga. Þátttöku hlutfall nemenda Laugarnesskóla er lægra en meðal nemenda Langholtsskóla sem deila með þeim frístundinni. Brýnt er að bæta þann aðstöðumun sem nemendur skólans búa við. Hvernig og hvenær verður það gert? Eiga börn í 3-4 bekk Laugarnesskóla áfram að ferðast 1.5 km inn dimma stíga í Dalheima?

Svar: Frístundaheimilið Dalheimar er staðsett í Laugardalnum og er gönguleiðin/hjólaleiðin 1.2 km frá Laugarnesskóla. Á meðfylgjandi mynd má sjá að lýsing á þessari leið er ekki minni en öðrum göngu/hjólastígum í Laugardalnum. Göngu/hjólastígurinn er upphitaður að hluta og er í forgangi með mokstur og söndun hjá hverfamiðstöðinni. Þátttökuhlutfall barna úr Laugarnesskóla sem nýtt hafa þjónustu Dalheima síðustu ár hefur aukist og er í dag 55% úr Laugarnesskóla og 45% úr Langholtsskóla. Þau börn sem ekki treysta sér að ganga eða hjóla yfir í Dalheima fá akstur með hópferðabíl og börnum sem velja að ganga eða hjóla er fylgt af starfsfólki Dalheima. Vert er að taka fram að ekki er rými í Laugarnesskóla fyrir frístundastarf fyrir 3.-4. bekk.

